

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM SAMKVÆMT LÖGUM NR. 63/1993 VEGNA VEGAGERÐAR VIÐ BLÁA LÓNIÐ

NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

1. INNGANGUR

Með vísun til 7. greinar laga nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum, var vegagerð við Bláa lónið tilkynnt til frumathugunar hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins, með bréfi dagsettu 27. apríl 1995.

Framkvæmdaraðilar: Heilsufélagið við Bláa lónið og Vegagerðin.

Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu: Vegagerð við Bláa lónið. Tvær tengibrautir að byggingarsvæði Heilsufélagsins við Bláa lónið, vestan Bláa lónsins.

Annarsvegar svokölluð nyrðri leið, frá Grindavíkurvegi norðan Bláa lónsins að norðausturhorni byggingarsvæðis Heilsufélagsins við Bláa lónið, rúmlega 2 km að lengd.

Hinsvegar svokölluð syðri leið, frá Grindavíkurbæ, vestur með Þorbirni, að suðvesturhorni byggingarsvæðis Heilsufélagsins við Bláa lónið, um 3 km að lengd.

Markmið framkvæmdar: Markmið framkvæmdarinnar er að tengja fyrirhugaða meðferðar- og ferðaþjónustustarfsemi við Bláa lónið við þjóðvegakerfið. Auk þess mun nyrðri leið nýtast sem aðkoma að athafnalóðum norðan við Bláa lónið. Fyrirhugaðir vegir leysa af hólmi núverandi veg að þjónustustarfsemi við Bláa lónið.

Frumathugun: Framkvæmdin var tilkynnt til embættis skipulagsstjóra ríkisins þann 27. apríl 1995 og frummatsskýrsla lögð fram. Þá var frummatsskýrslan yfirfarin og var framkvæmdin formlega móttækin til frumathugunar hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins, með bréfi til Vinnustofu arkitekta þann 3. maí 1995. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 12. maí 1995 og birtist auglýsingin í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og Suðurnesjafréttum. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 12. maí til 19. júní 1995 hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins, Reykjavík, á skrifstofu Grindavíkurbæjar og í Baðhúsi Heilsufélagsins við Bláa lónið. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma. Leitað var umsagnar sjö opinberra umsagnaraðila: Bæjarstjórnar Grindavíkur, Ferðamálaráðs Íslands, Hitaveitu Suðurnesja, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs, Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og Þjóðminjasafns Íslands. Einnig var leitað umsagnar Vegagerðarinnar um aðild hennar að framkvæmdinni.

Gögn lögð fram við frumathugun:

1. **Frummatsskýrsla:** Vegagerð við Bláa lónið. Mat á umhverfisáhrifum, frummat. Vinnustofa arkitekta hf fyrir Heilsufélagið við Bláa lónið, apríl 1995.

2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **bæjarstjórnar Grindavíkur** með bréfi dagsettu 8. maí 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 23. júní 1995. Þar segir:

„Bæjarstjórn Grindavíkur telur að matsskýrslur vegna fyrirhugaðrar vegalagningar við Bláa lónið geri nægjanlega grein fyrir umhverfisáhrifum og meti og bendi á fyrirhugaðar og mögulegar mótvægisáðgerðir.”

Umsögnin var send Vinnustofu arkitekta með símbréfi dagsettu 27. júní 1995.

Leitað var umsagnar **Ferðamálaráðs Íslands** með bréfi dagsettu 8. maí 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 21. júní 1995. Þar segir:

„Ferðamálaráð bendir á að gerð syðri vegar takmarkar hugsanlega gönguleiðir um svæðið auk þess sem loft og hljóðmengun raskar ímyndinni um umhverfissvæna starfsemi.

Einnig kemur ásýnd svæðisins til með að skerðast séð frá fjallinu Þorbirni.

Í skýrslunni hefði mátt gera grein fyrir öðrum valkostum og áhrifum þeirra.”

Umsögnin var send Vinnustofu arkitekta með símbréfi dagsettu 23. júní 1995.

Leitað var umsagnar **Hitaveitu Suðurnesja** með bréfi dagsettu 8. maí 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 22. júní 1995. Þar segir:

„Hitaveita Suðurnesja hefur ekki athugasemdir fram að færa varðandi frummat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar vegalagningar við Bláa lónið. Hitaveita Suðurnesja leggur hinsvegar áherslu á vandaðan frágang þar sem vegurinn mun þvera hitaveituað og rafmagnsstreng/línu fyrirtækisins.”

Umsögnin var send Vinnustofu arkitekta með símbréfi dagsettu 22. júní 1995.

Leitað var umsagnar **Hollustuverndar ríkisins** með bréfi dagsettu 8. maí 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 29. maí 1995. Þar segir meðal annars:

„Í skýrslu framkvæmdaraðila sem nú er til umsagnar kemur ekkert nýtt fram sem breytir fyrri umsögn Hollustuverndar ríkisins hvað varðar framkvæmdir við Bláa lónið. [Innskot Sk.r.: Hér er vísað í bréf Hollustuverndar til Vinnustofu arkitekta dagsett

2. febrúar 1995 (fylgiskjal í frummatsskýrslu) þar sem segir: „Á grundvelli draga að frummati telja Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins líklegt að vegaf framkvæmdin sé þess eðlis að umhverfinu eigi ekki að stafa aukin hættu vegna loftmengunar, vatnsmengunar, hávaðamengunar eða mengunar frá úrgangi vegna hennar ef gætt er ákvæða mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum. Á það skal bent að fráveita frá fyrirhuguðu þjónustusvæði er leyfisskyld skv. mengunarvarnareglugerð.”]

Ástæða er til að ætla að fyrirhuguð meðferðar- og þjónustustarfsemi hafi meiri umhverfisáhrif í för með sér en vegagerð að starfseminni. Megin framkvæmdin er að byggja upp aðstöðu fyrir meðferðar- og þjónustustarfsemi og til að sú starfsemi hafi rekstrargrundvöll þarf nýjar vegatengingar að svæðinu. Það er því eðlilegt og í anda laganna um mat á umhverfisáhrifum að skoða umhverfisáhrif heildarframkvæmdanna.

Matsskýrslan tekur ekki á þeim umhverfis- og áhrifaþáttum sem máli skipta og eru umtalsverðir. Hollustuvernd ríkisins telur að heildarframkvæmdin eigi að vera sett í frekara mat á umhverfisáhrifum. Þar verður sérstaklega fjallað um grunnvatnsstrauma á svæðinu og

meðhöndlun á skólpi, öðru fráveituvatni og úrgangi frá fyrirhugaðri meðferðar- og þjónustustarfsemi.”

Umsögnin var send Vinnustofu arkitekta með símbrefi dagsettu 13. júní 1995.

Leitað var umsagnar **Náttúruverndarráðs** með bréfi dagsettu 8. maí 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 10. júní 1995. Þar segir meðal annars:

„Bæði Norður- og Suðurvegur liggja að mestu leyti á ósnortnum, grónum hraunum og er samnýting vega eða slóða sem fyrir eru á svæðinu nær engin. Suðurvegurinn liggur þar að auki á sögulegu hrauni, en þau eru tiltölulega fá á Íslandi og mörgum hefur verið raskað. Með fyrirhuguðum vegarköflum skerðast enn frekar ósnortin hraunsvæði á Svartsengissvæðinu.

Helstu rök fyrir ákvörðun á legu vegarstæða eru tilfinningalegs eðlis, þ.e. aðkoman á að ýta undir hughrif gesta er varða dulúð og ævintýrablæ landslags (sjá bls. 14 í frummatsskýrslu). Það er mat Náttúruverndarráðs að vegagerðin hafi í för með sér að hraunsvæðum verði spillt að óþörfu. Æskilegasta vegarstæði Norðurvegarins út frá sjónarmiðum náttúruverndar er að nýta veginn sem fyrir hendi er hjá vatnstanki Hitaveitu Suðurnesja og tengja hann við þjóðveginn.

Varðandi Suðurveginn þá mun vegarlagningin vestan Þorbjarnarfells skerða útivistargildi svæðisins á þann hátt að umferð ökutækja mun raska ró svæðisins. Jafnframt er Illahraunið frá sögulegum tíma og full ástæða er til að sporna við spjöllum á því, ekki síst þar sem það er lítil goseining og vesturhluti þess er lítið snortinn miðað við austurhlutann þar sem orkuverið er. Náttúruverndarráð leggst gegn því fyrir sitt leyti að lagður verði vegur um þetta landsvæði.

Á sömu forsendum telur Náttúruverndarráð að val á fyrirhuguðu byggingarsvæði sé ekki ásættanlegt en því er ætlaður staður á Illahrauni. Byggingarsvæðið er nokkuð stórt þekur u.þ.b. 30.000 m². Allt svæðið fyrir vestan byggingarsvæðið er ósnortið og þar vestast standa Illahraunsgígarnir upp úr landinu. Náttúruverndarráð leggur til að byggingarsvæðið verði fært örlítið austar, þ.e. niður af hraunkantinum og niður á Sundhnúkshraunið. Byggingarnar koma til með að liggja lágt í landi og falla betur að því landslagi sem er ríkjandi á svæðinu. Náttúruverndarráð telur mikilvægt að fyrirhugað landsvæði sem leggja á undir mannvirkjagerð verði minnkað og að reynt verði að vernda hraunin sem best.

Varðandi efnisnámur þá er talið að Stapafellsnáman sé eina náman sem komi til greina. Út frá náttúruverndarsjónarmiðum er ekki talið skynsamlegt að taka efni úr Arnarseturnámuni.”

Umsögnin var send Vinnustofu arkitekta með símbrefi dagsettu 13. júní 1995.

Ennfremur var með bréfi til **Vinnustofu arkitekta**, dagsettu 20. júní 1995, bent á að í ljósi umsagnar Náttúruverndarráðs um efnistöku væri æskilegt að fundnar væru aðrar lausnir á þeirri efnistöku sem fyrirhuguð var úr Arnarsetri, í samráði við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs, áður en frumathugun skipulagsstjóra ríkisins lyki. Í bréfi **Vinnustofu arkitekta**, dagsettu 28. júní 1995 segir eftirfarandi um efnistöku:

„Í umsögn Náttúruverndarráðs er lagst gegn efnistöku úr Arnarsetri einsog er gert er ráð fyrir í frummatsskýrslu. Lagt er til að efnistaka verði eingöngu úr opnum námum, að höfðu samráði við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs á svæðinu. Til greina koma auk Stapafells, t.d. Melhóll og Hraun.”

Leitað var umsagnar **Vegagerðarinnar**, með bréfum dagsettum 10. maí og 19. júní 1995, um aðild Vegagerðarinnar að fyrirhugaðri vegagerð við Bláa lónið og um tillögu Náttúruverndarráðs um breytingu á legu nyrðri leiðar út frá vegtæknilegum og umferðaröryggis sjónarmiðum. Svar **Vegagerðarinnar** barst með bréfi dagsettu 22. júní 1995. Þar segir:

„Vegagerðin mun verða veghaldari og því annast undirbúning og gerð nýs vegar að Bláa lóni, sem í frummatsskýrslunni um umhverfisáhrif er nefnd nyrðri leið.

Tillaga að veglegu þess vegar, eins og hún er í matsgerðinni, er sett fram í samráði við Vegagerðina.

Tengingu vegarins við Grindavíkurveg hefur verið valinn sá staður sem næstur er Bláa lóninu, en uppfyllir um leið kröfur um sjónlengdir þar sem miðað er við óbreyttan Grindavíkurveg og einnig tekið tillit til væntanlegrar stefnugreiningar vegamótanna.

Tillaga Náttúruverndarráðs felur í sér mun styttri veg, en tenging hans við Grindavíkurveg er á kafla sem Vegagerðin getur því miður ekki fallist á.”

Umsögnin var send Vinnustofu arkitekta með símbrefi dagsettu 27. júní 1995.

Leitað var umsagnar **Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins** með bréfi dagsettu 8. maí 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 1. júní 1995. Þar segir:

„Hinn 3. mars 1993 sendi þáverandi skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu bæjarstjórn Grindavíkur bréf, þar sem segir m.a.:

„Með vísan til auglýsingar á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1990-2010 í Svartsengi og við fjallið Þorbjörn í Grindavík, vill varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins vekja athygli á því að tillagan gerði ráð fyrir vegalagningu sunnan og vestan við fjallið Þorbjörn. Sá vegur fer að hluta yfir land sem bandaríska varnaliðið hefur fengið til afnota. Á þeim slóðum sem þessi fyrirhugaði vegur fer yfir varnarsvæðið er vatnsból varnarliðsins. Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins vill því hér með mótmæla þessari skipulagstillögu að því er tekur til þessarar fyrirhuguðu vegagerðar. Verði hinsvegar sú breyting á að varnarliðið fái neysluvatn frá Vatnsveitu Grindavíkur, horfir málið að sjálfsögðu öðru vísi við og er varnarmálaskrifstofan reiðubúin að ræða þann möguleika.”

Varnarmálaskrifstofa telur bréf þetta eiga vel við sem umsögn um umhverfismatið, enda er skrifstofunni ekki kunnugt um neina niðurstöðu um aðgang varnarliðsins að Vatnsveitu Grindavíkur. Ekki eru af hálfu skrifstofunnar gerðar aðrar athugasemdir við umhverfismatið.”

Umsögnin var send Vinnustofu arkitekta og Grindavíkurbæ með símbrefi dagsettu 6. júní 1995.

Í bréfi **Grindavíkurbæjar** til Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins dagsettu 23. júní 1995, og sent var embætti skipulagsstjóra ríkisins sem fylgiskjal með umsögn Grindavíkurbæjar um frummatsskýrslu, segir:

„Tæknideild varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli hefur leitað eftir því, hvort heimiluð yrði tenging við vatnsveitukerfi Grindavíkurbæjar, þar sem ætlunin væri að leggja niður rekstur á vatnsbólum varnarliðsins.

Bæjaryfirvöld ítreka enn og aftur að heimiluð er tenging við vatnsveitukerfi bæjarins með venjulegum hætti.”

Leitað var umsagnar **Þjóðminjasafns Íslands** með bréfi dagsettu 8. maí 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 15. maí 1995. Þar segir:

„Þjóðminjasafn hefur engar athugasemdir við framkvæmd þessa, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 7. febrúar 1995” [Innskot sk.r.: Í því bréfi segir að engar skráðar fornleifar, né friðlýstar, sé að finna á svæði því sem fara á undir fyrirhugaða vegi við Bláa lónið, en að minnt sé á þjóðminjalög varðandi skyldur framkvæmdaraðila ef fornleifar eiga eftir að finnast við framkvæmdirnar].

Umsögnin var send Vinnustofu arkitekta með símbrefi dagsettu 18. maí 1995.

Allar umsagnir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til kærufrestur er liðinn.

3. ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum.

4. NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR

Efnistaka

Fram kemur í frummatsskýrslu að efnistaka til vegagerðarinnar sé fyrirhuguð úr Arnarsetri (um 35.000 m³) og úr Stapafelli (um 3.000 m³).

Náttúruverndarráð leggst gegn fyrirhugaðri efnistöku úr Arnarsetri vegna náttúruverndarsjónarmiða. Arnarsetur er á svæði nr. 104 á Náttúruminjaskrá.

Skipulagsstjóri ríkisins felst á kröfu Náttúruverndarráðs um að ekki verði tekið efni til framkvæmdanna í Arnarsetri. Ennfremur að samráð verði haft við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs um efnistökuastaði.

Nyrðri leið - lega

Í frummatsskýrslu kemur fram að lega nyrðri leiðar hafi aðallega ráðist af:

- Tengingu inn á Grindavíkurveg með góðri yfirsýn yfir veginn til beggja átta.
- Lausn á þverun háspennulína og aðveituæðar vatns frá Hitaveitu Suðurnesja til Njarðvíkur.

Auk þess nýtist nyrðri leið sem aðkoma að öðrum athafnalóðum við Bláa lónið.

Í frummatsskýrslu kemur fram að dregið verði úr áhrifum vegalagningarinnar með því að láta veginn að öllu leyti fylgja landinu og leyfa hraunum að haldast óbreyttum að vegbrún.

Náttúruverndarráð telur að vegagerðin spilli hraunsvæðum að óþörfu. Æskilegasta vegarstæði nyrðri leiðar, út frá sjónarmiðum náttúruverndar, sé að nýta veginn sem fyrir hendi er hjá vatnstanki Hitaveitu Suðurnesja og tengja hann við þjóðveginn.

Vegagerðin telur sig ekki geta fallist á tillögu Náttúruverndarráðs vegna tengingar hennar við Grindavíkurveg, enda hafi tengingu nyrðri leiðar, sem kynnt er í frummatsskýrslu, verið valinn staður með tilliti til þess að vera sem næst Bláa lóninu en jafnframt að uppfylla kröfur um sjónlengdir.

Hitaveita Suðurnesja leggur áherslu á að vandað verði til frágangs vegarins þar sem hann þverar hitaveituæð og rafmagnsstreng/línu Hitaveitu Suðurnesja.

Skipulagsstjóri ríkisins bendir á að næst Grindavíkurvegi, þar sem farið er um svæði nr. 104 á Náttúruminjaskrá, fylgir nyrðri leið núverandi vegi að vatnstanki Hitaveitu Suðurnesja.

Skipulagsstjóri ríkisins felst á legu nyrðri leiðar, enda verði jarðraski haldið í lágmarki, vegur látinn falla vel að landi og hraunum raskað eins lítið utan vegbrúnar og unnt er af öryggisástæðum, eins og lýst er í frummatsskýrslu.

Syðri leið - lega

Í frummatsskýrslu kemur fram að lega syðri leiðar hafi aðallega ráðist af:

- Að fylgja veglínu eldri vegar eins og kostur er.
- Að færa veginn frá fjallsrótum Þorbjarnar af tillitsemi við fuglalíf og ákjósanlegt útivistarsvæði.

Í frummatsskýrslu kemur fram að sömu sjónarmið gildi um legu syðri leiðar og nyrðri leiðar, það er að dregið verði úr áhrifum vegalagningarinnar með því að láta veginn að öllu leyti fylgja landinu og leyfa hraunum að haldast óbreyttum að vegbrún.

Í frummatsskýrslu er bent á mikilvægi syðri leiðar með tilliti til ferða starfsfólks, flutnings aðfanga og umferðar gesta og ferðamanna um Reykjanessvæðið. Auk þess stuðli vegir úr tveimur áttum að eðlilegri dreifingu umferðar um svæðið og betri tengslum við Grindavíkurbæ, án þess að óþarfa umferð sé beint að bænum.

Í frummatsskýrslu kemur fram að syðri leið mun fara um svæði þar sem nú eru raflínur í eigu Hitaveitu Suðurnesja, en að þær verði lagðar í jörð áður en að framkvæmdum við syðri leið kemur.

Ferðamálaráð Íslands bendir á að syðri leið takmarki hugsanlega gönguleiðir um svæðið, auk þess sem loft- og hljóðmengun frá umferð um veginn raski ímyndinni um umhverfisvæna starfsemi.

Náttúruverndarráð telur að vegarlagningin vestan Þorbjarnarfells muni skerða útivistargildi svæðisins á þann hátt að umferð ökutækja muni raska ró svæðisins. Jafnframt sé Illahraunið frá sögulegum tíma og full ástæða sé til að sporna við spjöllum á því, ekki síst þar sem það er lítil goseining og vesturhluti

Þess er lítið snortinn miðað við austurhlutann þar sem orkuverið er. Náttúruverndarráð leggst gegn því að lagður verði vegur um þetta landsvæði.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins bendir á að vatnsból varnarliðsins sé í námunda við fyrirhugað vegstæði syðri leiðar og ítrekar í ljósi þess mótmæli við legu vegarins. Varnarmálaskrifstofan tekur fram að hún hafi ekki aðrar athugasemdir við vegalagninguna, ef sú breyting verði á að varnarliðið fái neysluvatn frá Vatnsveitu Grindavíkur.

Fram hefur komið að bæjaryfirvöld í Grindavík heimili tengingu varnarliðsins við vatnsveitukerfi bæjarins með venjulegum hætti.

Skipulagsstjóri ríkisins bendir á að syðri leið fylgir að hluta slóða suðvestan Þorbjarnar. Skipulagsstjóri ríkisins felst á þau rök sem fram koma í frummatsskýrslu fyrir lagningu syðri leiðar, en setur það skilyrði að áður en að framkvæmdum kemur hafi verið samið um tengingu varnarliðsins við Vatnsveitu Grindavíkur.

Skipulagsstjóri ríkisins felst því á lagningu syðri leiðar, enda verði jarðraski haldið í lágmarki, vegur látinn falla vel að landi og hraunum ekki raskað utan vegbrúnar eins og unnt er af öryggisástæðum, eins og lýst er í frummatsskýrslu. Það skilyrði er sett að áður en að framkvæmdum kemur hafi verið samið um tengingu varnarliðsins við Vatnsveitu Grindavíkur.

Aðrir kostir

Ferðamálaráð Íslands bendir á að gera hefði mátt grein fyrir öðrum kostum og áhrifum þeirra.

Náttúruverndarráð bendir á að bæði nyrðri og syðri leið liggja að mestu leyti á ósnortnum, grónum hraunum og samnýting vega eða slóða sem fyrir eru á svæðinu sé nær engin.

Fram kemur í frummatsskýrslu að skoðun annarra vegstæða norðan Bláa lónsins hafi leitt í ljós að aðrar leiðir væru erfiðar með tilliti til þverunar háspennulína og vatnslagnar. Ekki eru í frummatsskýrslu ræddir aðrir kostir á legu syðri leiðar.

Byggingarsvæði við Bláa lónið og fyrirhuguð meðferðar- og þjónustustarfsemi

Tvær athugasemdir komu fram í umsögnum varðandi byggingarsvæði og fyrirhugaða starfsemi Heilsufélagsins við Bláa lónið.

Náttúruverndarráð telur að fyrirhugað byggingarsvæði sé ekki ásættanlegt og leggur til að byggingarsvæðið verði fært örlítið austar, þ.e. niður af hraunkantinum og niður á Sundhnúkshraunið. Náttúruverndarráð telur mikilvægt að fyrirhugað landsvæði sem leggja á undir mannvirkjagerð verði minnkað og að reynt verði að vernda hraunin sem best.

Fram kemur í umsögn Hollustuverndar ríkisins að stofnunin hafi farið þess á leit við umhverfisráðherra, með bréfi dagsettu 9. febrúar 1995, að fyrirhuguð meðferðar- og þjónustustarfsemi við Bláa lónið yrði úrskurðuð matsskyld samkvæmt reglugerð nr. 179/1994 svo meta mætti heildaráhrif fyrirhugaðra byggingar- og vegaf framkvæmda við Bláa lónið á umhverfið.

Skipulagsstjóri ríkisins minnir á að til frumathugunar er eingöngu fyrirhuguð vegarlagning að Bláa lóninu, en hvorki staðsetning byggingarsvæðis né fyrirhuguð meðferðar- og þjónustustarfsemi við Bláa lónið. Staðsetning byggingarsvæðis var staðfest af skipulagsstjórn ríkisins 16. nóvember 1994 og fyrir liggur úrskurður umhverfisráðherra, dagsettur 29. júní 1995, um að fyrirhuguð meðferðar- og þjónustustarfsemi sé ekki matsskyld samkvæmt lögum nr. 63/1993 og reglugerð nr. 179/1994.

Fornleifar

Þjóðminjasafn Íslands gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina, en minnir á skyldur framkvæmdaraðila samkvæmt þjóðminjalögum ef fornleifar eiga eftir að finnast við framkvæmdirnar.

5. SKIPULAG

Fyrirhuguð vegagerð við Bláa lónið er í samræmi við gildandi skipulag.

Nyrðri leið, frá Grindavíkurvegi að byggingarsvæði við Bláa lónið, var staðfest 16. nóvember 1994, samkvæmt 3. og 4. málsgrein 19. greinar skipulagslaga nr. 19/1964.

Í viðauka við aðalskipulag Grindavíkur 1990-2010, sem staðfest var 25. nóvember 1991, er syðri leið sýnd frá Grindavíkurbæ að byggingarsvæði við rætur Þorbjarnar. Breyting á staðsetningu byggingarsvæðisins og breyting á legu syðri leiðar var staðfest 16. nóvember 1994, samkvæmt 3. og 4. málsgrein 19. greinar skipulagslaga nr. 19/1964.

6. ÚRSKURÐARORÐ

Með vísun til 8. greinar laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins yfirfarið þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, ásamt umsögnum.

Fallist er á fyrirhugaða vegagerð við Bláa lónið eins og henni er lýst í framlagðri frummatsskýrslu. Þar er annarsvegar um að ræða svokallaða nyrðri leið, frá Grindavíkurvegi norðan Bláa lónsins að norðausturhorni byggingarsvæðis Heilsufélagsins við Bláa lónið, rúmlega 2 km að lengd. Hinsvegar svokallaða syðri leið, frá Grindavíkurbæ, vestur með Þorbirni, að suðvesturhorni byggingarsvæðis Heilsufélagsins við Bláa lónið, um 3 km að lengd.

Fallist er á framkvæmdina með þeim skilyrðum að:

1. Ekki verði tekið efni til framkvæmdanna í Arnarsetri. Ennfremur að samráð verði haft við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs um efnistökuastaði.
2. Áður en að framkvæmdum við syðri leið kemur hafi verið samið um tengingu varnarliðsins við Vatnsveitu Grindavíkur.

Óheimilt er að hefja framkvæmdir fyrr en ofangreindum skilyrðum hefur verið fullnægt og gerð hefur verið grein fyrir niðurstöðum þeirra til embættis skipulagsstjóra ríkisins.

Minnt er á skyldur framkvæmdaraðila samkvæmt þjóðminjalögum ef fornleifar finnast við framkvæmdirnar.

7. KÆRUFRESTUR

Úrskurð þennan má kæra til umhverfisráðherra og rennur kærufrestur út þann 14. ágúst 1995.

Reykjavík 10. júlí 1995,

Sigurður Thoroddsen

Halldóra Hreggviðsdóttir